

Þriðjudaginn 21. febrúar 1984.

Nr. 14/1984. **Arkitektafélag Íslands**

gegn

Hjalta Geir Kristjánssyni

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. töluliðs 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1984, sem barst Hæstarétti 25. s.m. Vitneskju um uppkvaðningu dómsins fékk hann 9. s.m. Hann krefst þess, að dómurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar frávísunardómsins og kærumálskostnaðar.

I.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 73/1968 ber að skilja þannig, að með mál út af brotum þeim, sem handhafar ríkisvalds (ákæruvalds) höfða til refsingar samkvæmt nefndum lögum, sbr. 1. gr. laga nr. 74/1974, skuli fara að hætti opinberra mála. Það girðir hins vegar ekki fyrir það, að sá, sem telur annan mann hafa brotið á sér lögvarðan rétt sinn skv. lögum nr. 73/1968, geti fengið skorið úr slíkum ágreiningi í einkamáli.

II.

Húsameistarafélag Íslands, sem var undanfari Arkitektafélags Íslands, stóð að kæru þeirri, sem varð efni til höfðunar máls þess, á hendur varnaraðilja, er dæmt var 16. febrúar 1956. Þótt félagið hafi þá farið þessa réttarfarsleið, þykir það ekki út af fyrir sig vera því til fyrirstöðu, að sóknaraðili höfði nú einkamál þetta á hendur varnaraðilja.

Ekki verður talið, að dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1956 í máli ákærvaldsins gegn Hjalta Geir Kristjánssyni sé bindandi úrslit sakarefnis í þessu máli.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 13. desember sl. um framkomna frávísunarkröfu stefnda, hefur Arkitektafélag Íslands, Freyjugötu 41, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. mars 1983 á hendur Hjalta Geir Kristjánssyni, nnr. 4179-5743, Bergstaðastræti 70, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að vegna löngverndaðs réttar félagsmanna Arkitektafélags Íslands sé stefnda óheimilt að nota starfsheitið „Arkitekt“ eitt sér eða annað samsett starfsheiti, sem felur í sér orðið „arkitekt.“ Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Þá er í báðum tilvikum krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. eða mati dómsins.

— — —

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að meint notkun stefnda á starfsheitinu arkitekt einu sér eða samsettu brjóti gegn ákvæðum 3. gr. laga nr. 73/1968 og sé honum því óheimil.

Í 11. gr. sömu laga segir, að mál út af broti á lögum þessum skuli fara að hætti opinberra mála. Ber því þegar af þessum sökum að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 3.900.00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefnda, Hjalta Geir Kristjánssyni kr. 3.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1984.

Nr. 251/1981. **Guðni Aðalsteinsson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur

(Gunnar Sólmes hrl.)

Skaðabótamál. Löghald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1981. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 61.100.48 krónur ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 2. mars 1979 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig krefst hann, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fógetarétti Ólafsfjarðar 14. september 1979 að beiðni áfrýjanda til tryggingar dómkröfunum.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal skýrslur Sigtryggs Valgeirs Jónssonar 7. mars 1982 og Sigurðar Björnssonar lögreglumanns 31. janúar 1982, álitserð Gunnars